

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 356/2021

2024/EES/23/36

frá 10. desember 2021

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/367 frá 4. mars 2020 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB að því er varðar að koma á matsaðferðum fyrir skaðleg áhrif af hávaða í umhverfinu ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 32g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32020 L 0367**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/367 frá 4. mars 2020 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB að því er varðar að koma á matsaðferðum fyrir skaðleg áhrif af hávaða í umhverfinu (Stjtið. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 132).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2020/367, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.

(¹) Stjtið. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 132.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.